

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2021/1244****2022/EES/32/06****frá 20. maí 2021****um breytingu á X. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 að því er varðar staðlaðan aðgang að upplýsingum úr innbyggðu greiningarkerfi ökutækisins og upplýsingum um viðgerðir og viðhald, sem og kröfur og verklagsreglur vegna aðgangs að öryggisupplýsingum ökutækja (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 frá 30. maí 2018 um viðurkenningu á og markaðseftirlit með vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki, um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 715/2007 og (EB) nr. 595/2009 og niðurfellingu tilskipunar 2007/46/EB ⁽¹⁾, einkum 11. mgr. 61. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 2. mgr. 61. gr. reglugerðar (ESB) 2018/858 er gerð sú krafa að framleiðendur ökutækja geri upplýsingar úr innbyggðu greiningarkerfi og upplýsingar um viðgerðir og viðhald ökutækja (RMI) aðgengilegar á vefsetrum sínum. Engar samræmdar viðmiðanir eru þó fyrir hendi um hvernig eigi að gera þessar upplýsingar aðgengilegar sem gerir það að verkum að óháðir rekstraraðilar þurfa að aðlagast margs konar mismunandi vefþjónustu og hugtakanotkun.
- 2) Í skýrslu framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins og ráðsins frá 9. desember 2016 ⁽²⁾ um starfrækslu aðgangskerfisins að því er varðar upplýsingar um viðgerðir og viðhald ökutækja er komist að þeirri niðurstöðu að stöðlun þeirra vefsetra og samsvarandi hugtakanotkunar myndi draga úr álagi á óháða rekstraraðila.
- 3) Þar eð aðgangur að upplýsingum úr innbyggðu greiningarkerfi og upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja ætti að vera mögulegur án tillits til aflrásargerðar ökutækis er nauðsynlegt að taka skýrt fram að slíkur aðgangur er ekki eingöngu skyldubundinn að því er varðar kröfur sem tengjast losun.
- 4) Hinn 15. september 2014 birtu Staðlasamtök Evrópu (CEN) 1.–5. hluta staðalsins EN ISO 18541 „Ökutæki - Staðlaður aðgangur að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja“ (Road vehicles – Standardized access to automotive repair and maintenance information (RMI)). Þeir hlutar miða að því að greiða fyrir skiptum á upplýsingum úr innbyggðu greiningarkerfi og upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja milli framleiðenda og óháðra rekstraraðila með því að ákvarða tæknilegar kröfur og verklagsreglur til að auðvelda aðgang að þeim upplýsingum. Því er viðeigandi að vísa í kröfurnar í 1.–5. hluta staðalsins EN ISO 18541-2014 í X. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/858.
- 5) Í ljósi þess að upplýsingar úr innbyggðu greiningarkerfi og upplýsingar um viðgerðir og viðhald ökutækja innihalda upplýsingar, sem gegna mikilvægu hlutverki við að tryggja öryggi ökutækisins, ætti eingöngu að veita óháðum rekstraraðilum, sem uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessum viðauka, aðgang að tilteknum öryggisþáttum ökutækisins.
- 6) Samkvæmt ráðleggingum samráðsvettvangsins um aðgang að upplýsingum um ökutæki, sem um getur í 1. mgr. 66. gr. reglugerðar (ESB) 2018/858, ættu þær kröfur að fela í sér samþykki löggildra aðila á hlutaðeigandi óháðum rekstraraðilum og leyfi fyrir starfsmenn þeirra sem annast viðeigandi starfsemi. Því er nauðsynlegt að mæla fyrir um verklagsreglur til að veita óháðum rekstraraðilum samþykki og leyfi til að fá aðgang að öryggisþáttum ökutækis, sem ættu að byggjast á „Áætlun um faggildingu, samþykki og leyfi með tilliti til aðgangs að öryggistengdum upplýsingum um viðgerðir og viðhald“, sem Evrópusamtök um faggildingu fullgiltu 19. maí 2016. Einnig er nauðsynlegt að meta hvort slíkir rekstraraðilar stundi ólögmeta atvinnustarfsemi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttð. ESB L 272, 30.7.2021, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2022 frá 18. mars 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttð. ESB L 151, 14.6.2018, bls. 1.

(2) Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins og ráðsins um starfrækslu aðgangskerfisins að því er varðar upplýsingar um viðgerðir og viðhald ökutækja sem komið var á fót með reglugerð (EB) nr. 715/2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá létum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja, COM(2016) 0782, lokagerð.

- 7) Að auki er nauðsynlegt að mæla fyrir um hlutverk og ábyrgð aðilanna sem koma að því að veita óháðum rekstraraðilum og starfsmönnum þeirra samþykki og leyfi til að fá aðgang að öryggistengdum upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja.
- 8) Til að gera aðildarríkjum, landsyfirvöldum og rekstraraðilum kleift að undirbúa sig fyrir beitingu nýju reglnanna, sem innleiddar eru með þessari reglugerð, ætti að fresta dagsetningunni sem hún kemur til framkvæmda.
- 9) Því ætti að breyta X. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/858 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum X. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/858 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 30. júlí 2023.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. maí 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum X. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/858 er breytt sem hér segir:

1) Í stað liðar 2.1 kemur eftirfarandi:

„2.1. Framleiðandi skal innleiða nauðsynlegt fyrirkomulag og verklagsreglur, í samræmi við fyrsta málslíð annarrar undirgreinar 2. mgr. 61. gr., til að tryggja að upplýsingar úr innbyggðu greiningarkerfi ökutækis og um viðgerðir og viðhald ökutækja séu aðgengilegar á vefsetrum. Gengið skal út frá því að skylda framleiðenda til að veita upplýsingar úr innbyggðu greiningarkerfi ökutækis og um viðgerðir og viðhald ökutækja á stöðluðu sniði á vefsetrum sínum sé uppfyllt með því að halda samræmi við hluta 1: „Almennar upplýsingar og notkunarlýsing“ (General information and use case definition), hluta 2: „Tæknilegar kröfur“ (Technical requirements), hluta 3: „Notagildiskröfur varðandi notendaviðmót“ (Functional user interface requirements) í staðlinum EN ISO 18541 – 2014, hluta 4: „Samræmispróf“ (Conformance test) í staðlinum EN ISO 18541 – 2015 og hluta 5: *Heavy duty specific provision – Road vehicles – Standardized access to automotive repair and maintenance information (RMI)* í staðlinum EN ISO 18541 – 2018. Veita skal greiðan og skjótan aðgang að upplýsingum úr innbyggðu greiningarkerfi ökutækja og um viðgerðir og viðhald ökutækja.“

2) Í stað liðar 2.5.2 kemur eftirfarandi:

„2.5.2. handbækur, þ.m.t. þjónustu- og viðhaldsskrár, og tilvísanir í tækniforskriftir varðandi vökva, þ.m.t. smurefni, hemlavökvi og kælivökvi,“.

3) Í stað fyrstu málsgreinar í lið 2.9 kemur eftirfarandi:

„Að því er varðar innbyggt greiningarkerfi, greiningarbúnað, viðgerðir og viðhald, vöktun og skoðun ökutækis skal beint gagnastreymi ökutækisins, að meðtöldum bilanakóðum og greiningaraðgerðum, vera gert aðgengilegt í gegnum raðtengi á staðlaða gagnatenglinum, sem er tilgreindur í lið 6.5.1.4, og í samræmi við forskriftirnar, sem settar eru fram í lið 6.5.3 í 1. viðbæti 11. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 83 (UN/ECE) (*) og í samræmi við lið 4.7.3 í viðauka 9B og viðmiðunarstaðlana sem settir eru fram í 6. viðbæti þess viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49 (**).“

(*) Reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 83 – Samræmd ákvæði um viðurkenningu á ökutækjum að því er varðar losun mengunarefna samkvæmt kröfum um eldsneyti hreyfils (Stjtið. ESB L 42, 15.2.2012, bls. 1).

(**) Reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49 - Samræmd ákvæði um ráðstafanir sem ber að gera til að stemma stigu við losun mengandi lofttegunda og efnisagna frá þjöppukveikjuhreyflum til notkunar í ökutækjum og losun mengandi lofttegunda frá rafkveikjuhreyflum knúnum með jarðgasi eða fljótandi jarðolíugasi til notkunar í ökutækjum (Stjtið. ESB L 180, 8.7.2011, bls. 53).“

4) Í stað fyrstu málsgreinar liðar 6.1 kemur eftirfarandi:

„Gengið skal út frá því að skylda framleiðenda til að veita upplýsingar úr innbyggðu greiningarkerfi ökutækja og um viðgerðir og viðhald ökutækja á stöðluðu sniði á vefsetrum sínum sé uppfyllt með því að halda samræmi við þá hluta staðalsins EN ISO 18541 sem um getur í lið 2.1.“

5) Í stað liðar 6.2 kemur eftirfarandi:

„Opna skal fyrir aðgang óháðra rekstraraðila að öryggisþáttum ökutækja sem skulu varðir með öryggistækni í samræmi við eftirfarandi kröfur.“

6) Ákvæðum liðar 6.3 er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrsta málslíðar kemur eftirfarandi:

„Verklagsreglan um að veita óháðum rekstraraðilum samþykki og leyfi til að fá aðgang að öryggisþáttum ökutækis, eins og um getur í lið 6.2, er sett fram í 3. viðbæti. Hlutverki og ábyrgð aðilanna, sem koma að faggildingu, samþykki og veitingu leyfis til handa óháðum rekstraraðilum, er lýst nánar með virknikröfum sem samanstanda af dæmum og notkunartilvikum sem mælt er fyrir um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar.“

b) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„Að því er varðar þá verklagsreglu skulu rekstraraðilar ekki teljast stunda lögmæta atvinnustarfsemi ef þeir auglýsa eða bjóða viðgerðir eða viðhald sem myndi hafa neikvæð áhrif á frammistöðu vegna losunar ökutækisins. Þetta felur í sér:

- a) að gera mengunarvarnarbúnað eða -kerfi óvirk eða fjarlægja þau, eða draga úr frammistöðu þeirra eða leyna bilun í þeim,
- b) að setja upp temprunarbúnað (*) eða nota temprunaraðferðir (**),
- c) að gera búnað, sem vaktar notkun eldsneytis eða raforku, óvirkan, fjarlægja hann eða gera óheimilar breytingar á kílómetramæli,
- d) að gera óheimilar breytingar á stýrieiningu hreyfils, þ.m.t. nafnaflí hreyfilsins.

(*) Eins og skilgreint er í 10. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 715/2007.

(**) Eins og skilgreint er í 8. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 595/2009.“

7) Eftirfarandi 3. viðbæti er bætt við:

„3. viðbætur

Verklagsregla um að samþykkja óháða rekstraraðila og veita þeim leyfi til að fá aðgang að öryggisþáttum ökutækis (*)

1. Gildissvið

Þessi viðbætur hefur að geyma kröfur um að samþykkja og veita óháðum rekstraraðilum, sem óska eftir aðgangi að öryggistengdum upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja, leyfi.

Í honum er gerð ítarleg grein fyrir ferlinu og aðilunum sem skulu samþykkja og veita óháðum rekstraraðilum leyfi til að fá aðgang að öryggistengdum upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja að því er varðar létt farþega- og atvinnuökutæki og þung ökutæki.

2. Skilgreiningar og stytthugtök

2.1. Skilgreiningar

Í þessum viðbæti er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

2.1.1. „Faggilding“

„faggilding“: faggilding eins og hún er skilgreind í 10. lið 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008.

2.1.2 „Starfsmaður óháðs rekstraraðila“

„starfsmaður óháðs rekstraraðila“: starfsmaður samþykkt óháðs rekstraraðila sem, að fengnu leyfi hjá samræmismatsstofu sinni, mun fá aðgang að öryggistengdum upplýsingum um viðgerðir og viðhald.

2.1.3. „Öryggistengdar upplýsingar um viðgerðir og viðhald“

„öryggistengdar upplýsingar um viðgerðir og viðhald“: upplýsingar, hugbúnaður, virkni og þjónusta sem eru nauðsynleg fyrir viðgerð og viðhald á þeirri virkni sem framleiðandinn kemur fyrir í ökutæki til að koma í veg fyrir að ökutækinu verði stolið eða það keyrt á brott og til að gera kleift að rekja ökutækið og endurheimta það.

2.1.4. „Samþykkisvottorð til skoðunar“

„samþykkisvottorð til skoðunar“: vottorð sem samræmismatsstofa gefur út til handa óháðum rekstraraðilum sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir samþykki sem settar eru fram í þessum viðbæti og sem staðfestir að þeir óháðu rekstraraðilar hafi hlotið samþykki og að starfsmenn óháðra rekstraraðila geti óskað eftir leyfi til að fá aðgang að öryggistengdum upplýsingum um viðgerðir og viðhald.

2.1.5. „Leyfisvottorð til skoðunar“

„leyfisvottorð til skoðunar“: vottorð sem samræmismatsstofa gefur út til handa starfsmönnum óháðs rekstraraðila sem uppfylla viðmiðanirnar um leyfi sem settar eru fram í þessum viðbæti og sem staðfestir að þeir starfsmenn hafi aðgang að öryggistengdum upplýsingum um viðgerðir og viðhald á vefsetri framleiðanda ökutækis.

2.1.6. „Traustmiðstöð“

„traustmiðstöð“: aðili sem samráðsvettvangur um aðgang að öryggistengdum upplýsingum um viðgerðir og viðhald tilnefnir og framkvæmdastjórnin samþykkir og sem ber ábyrgð á:

- a) að stýra stafrænum vottorðum og leyfisstöðu starfsmanna óháðs rekstraraðila og að útvega samræmismatsstofu nauðsynlega auðkennislykla og stafræn vottorð fyrir starfsmenn óháðs rekstraraðila sem hafa leyfi,
- b) að veita framleiðanda ökutækis upplýsingar um leyfisstöðu starfsmanns óháðs rekstraraðila.

2.1.7. „Auðkennislykill“

„auðkennislykill“: búnaður sem gerir kleift að sannvotta óháðan rekstraraðila með öruggum hætti.

2.1.8. „Stafrænt vottorð“

„stafrænt vottorð“: stafrænt vottorð sem krefst stafrænnar undirskriftar frá útgáfuhluta traustmiðstöðvarinnar til að tengja dreifilykil við auðkenni starfsmanns óháða rekstraraðilans í samræmi við staðalinn ISO 9594.

2.1.9. „Gagnasafn yfir leyfi“

„gagnasafn yfir leyfi“: gagnasafn í umsjón traustmiðstöðvarinnar sem inniheldur nafnlausar upplýsingar um leyfi starfsmanna óháðs rekstraraðila og skráningu samþykktra óháðra rekstraraðila.

2.1.10. „Gagnasafn yfir vottorð“

„gagnasafn yfir vottorð“: gagnasafn í umsjón traustmiðstöðvarinnar sem stýrir gildi stafrænna vottorða og auðkennum starfsmanna óháðs rekstraraðila sem hafa leyfi.

2.1.11. „Evrópusamtök um faggildingu“

„Evrópusamtök um faggildingu“: stofnun sem framkvæmdastjórnin viðurkennir í samræmi við 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008 og sem ber ábyrgð á þróun, viðhaldi og framkvæmd faggildingar í Sambandinu.

2.1.12. „Samráðsvettvangur um aðgang að öryggistengdum upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja“ (e. *Forum for Access to Security-Related Vehicle Repair and Maintenance Information* (SERMI-samráðsvettvangur))

„SERMI-samráðsvettvangur“: aðilinn sem sér um að samræma og veita framkvæmdastjórninni ráð um framkvæmd verklagsreglna um faggildingu, samþykki og leyfi að því er varðar aðgang að öryggistengdum upplýsingum um viðgerðir og viðhald.

2.1.13. „Viðeigandi yfirvöld“

„viðeigandi yfirvöld“: opinber yfirvöld sem hafa lagalegt umboð til að starfa á sviði forvarna og rannsókna á glæpum í tengslum við öryggi ökutækja sem og á sviði saksóknar.

3. Faggilding samræmismatsstofa, samþykki óháðra rekstraraðila og veitingu leyfa til handa starfsmönnum óháðs rekstraraðila

Aðeins samræmismatsstofur sem faggildingarstofa, eins og skilgreint er í 11. lið 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008, hefur faggilt, í því aðildarríki þar sem þær hafa staðfestu, skulu gefa út samþykkisvottorð til skoðunar, sem votta að óháður rekstraraðili hafi hlotið samþykki, og leyfisvottorð til skoðunar sem votta að starfsmaður óháðs rekstraraðila eigi að fá aðgang að öryggistengdum upplýsingum um viðgerðir og viðhald.

Samþykki óháðs rekstraraðila og leyfi fyrir starfsmann óháðs rekstraraðila skulu veitt í 60 mánuði frá og með útgáfudegi viðeigandi vottorða til skoðunar.

Óháðir rekstraraðilar, sem óska eftir öryggistengdum upplýsingum um viðgerðir og viðhald, skulu útvega sér samþykkisvottorð til skoðunar hjá samræmismatsstofu sem faggildingarstofa hefur faggilt í því aðildarríki þar sem óháði rekstraraðilinn hefur staðfestu.


Starfsmenn óháðs rekstraraðila, sem eiga að meðhöndla öryggistengdar upplýsingar um viðgerðir og viðhald, skulu útvega sér leyfissvottorð til skoðunar hjá samræmismatsstofu sem faggildingarstofa hefur faggilt í því aðildarríki þar sem starfsmaður óháða rekstraraðilans hefur fasta búsetu.

Samræmismatsstofur skulu tilkynna traustmiðstöðvum um hvers konar samþykkisvottorð til skoðunar eða leyfissvottorð til skoðunar, sem gefin eru út, og skulu traustmiðstöðvar útbúa leyfisskrá á grunni þeirra og gefa út auðkennislykil og stafrænt vottorð sem innihalda upplýsingar sem gera kleift að auðkenna með einkvæmum hætti starfsmenn óháðs rekstraraðila á vefsetri framleiðanda ökutækis þar sem tilgreindar eru upplýsingar um viðgerðir og viðhald. Samræmismatsstofur skulu veita einstökum starfsmönnum óháðs rekstraraðila auðkennislykil og stafrænt vottorð.

Framleiðendur ökutækja geta krafist gjalds fyrir skráningu starfsmanna óháðs rekstraraðila á vefsetrum framleiðenda ökutækja, þar sem tilgreindar eru upplýsingar um viðgerðir og viðhald, og fyrir aðgang að öryggistengdum upplýsingum um viðgerðir og viðhald. Slíkt gjald skal vera í réttu hlutfalli við kostnaðinn við slíka skráningu og veitingu aðgangs. Fjárhæð gjaldanna kemur fram á vefsetrum framleiðenda ökutækja þar sem tilgreindar eru upplýsingar um viðgerðir og viðhald. Allir stafrænir gagnaflutningar milli óháðra rekstraraðila, traustmiðstöðva og samræmismatsstofa skulu eiga sér stað tímanlega í gegnum rafræn samskipti fyrirtækis við fyrirtæki (B2B-samskipti) með því að nota öruggar samskiptareglur.

Mynd 1

Aðilar sem koma að faggildingu samræmismatsstofa, samþykki óháðra rekstraraðila og veitingu leyfa til handa starfsmönnum óháðs rekstraraðila og tengsl þeirra



Óháði rekstraraðilinn, sem óskar eftir leyfi hjá samræmismatsstofu, skal undirrita yfirlýsingu sem vottar að hann stundi lögmeta atvinnustarfsemi eins og um getur í lið 6.3 í þessum viðauka. Óháður rekstraraðili skal einungis hljóta samþykki að lokinni skoðun samræmismatsstofu sem skal sannprófa hvort þessi yfirlýsing hafi verið undirrituð og meta hvort óháði rekstraraðilinn og einstakir starfsmenn hans uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessum viðbæti.


Einstökum starfsmönnum óháðs rekstraraðila skal einungis veitt leyfi að lokinni skoðun samræmismatsstofu. Samræmismatsstofur skulu skoða skjölin, sem lögð voru fram, og sannprófa hvort viðkomandi starfsmaður óháðs rekstraraðila hafi áður lagt fram beiðni um leyfi sem hlutaðeigandi samræmismatsstofa eða önnur samræmismatsstofa á vettvangi Sambandsins hefur hafnað.

Samræmismatsstofur skulu senda öll nauðsynleg gögn til traustmiðstöðvarinnar svo hún geti útbúið stafræna vottorðið og auðkennislykilinn sem samræmismatsstofan skal senda til starfsmanna óháða rekstraraðilans.

Starfsmenn óháðs rekstraraðila, sem hafa fengið leyfi, skulu fá persónulegt kenninúmer (PIN-númer), sem tengist stafræna vottorðinu, hjá samræmismatsstofum sínum.

Mynd 2

Ferli við að samþykka óháðan rekstraraðila og veita leyfi til handa starfsmanni óháðs rekstraraðila



3.1. Yfirlit yfir aðgang að öryggistengdum upplýsingum um viðgerðir og viðhald

Framleiðendur ökutækja skulu veita aðgang að öryggistengdum upplýsingum um viðgerðir og viðhald á vefsetrum sínum þar sem tilgreindar eru upplýsingar um viðgerðir og viðhald, að því tilskildu að starfsmenn óháða rekstraraðilans séu með leyfi og geti framvísað leyfisvottorði til skoðunar og að sá óháði rekstraraðili, sem starfsmenn óháða rekstraraðilans starfa fyrir, hafi samþykkisvottorð til skoðunar.


Framleiðendur geta boðið starfsmönnum óháðs rekstraraðila, sem hafa fengið leyfi og starfa fyrir óháða rekstraraðila sem hafa hlotið samþykki, aðgang að þögnarþjónustu á netinu fyrir öryggistengda hluti með aðstoð sérhæfðs forrits sem er tengt við vefsetrið þar sem tilgreindar eru upplýsingar um viðgerðir og viðhald.

Við móttöku beiðni um aðgang að vefsetri þar sem tilgreindar eru upplýsingar um viðgerðir og viðhald ökutækja skal á vefsetrum framleiðenda ökutækja krafist auðkenningar á formi einkvæms auðkennis starfsmanns óháða rekstraraðilans og farið fram á sannvottun. Sannvottun starfsmanna óháðs rekstraraðila skal eingöngu fara fram með notkun stafrænna vottorða. Við móttöku stafræns vottorðs skal á vefsetrum framleiðenda ökutækja þar sem tilgreindar eru upplýsingar um viðgerðir og viðhald ökutækja sannprófa einkvæmt auðkenni starfsmanns óháða rekstraraðilans og gildandi stöðu stafræna vottorðsins og leyfisins með samskiptum við traustmiðstöðina sem er tilgreind í stafræna vottorðinu.

Allir stafrænir gagnaflutningar milli óháðra rekstraraðila, framleiðenda ökutækja, traustmiðstöðva og samræmismatsstofa skulu eiga sér stað tímanlega í gegnum B2B-samskipti með því að nota öruggar samskiptareglur. Þegar einkvæmt auðkenni og leyfisstaða starfsmanns óháða rekstraraðilans hafa verið sannprófuð skal framleiðandi ökutækisins veita aðgang að tilskildum öryggistengdum upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja á vefsetri sínu.

Mynd 3

Aðgangur að öryggistengdum upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja



4. Ítarlegar reglur varðandi aðgang að öryggistengdum upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja

4.1. Hlutverk SERMI-samráðsvettvangs

4.1.1. Ábyrgð og skyldur

SERMI-samráðsvettvangurinn skal vakta framkvæmd faggildingarferlisins í aðildarríkjunum og upplýsa framkvæmdastjórnina um það. SERMI-samráðsvettvangurinn skal ráðleggja framkvæmdastjórninni um beiðnir varðandi breytingar á faggildingarferlinu.

- SERMI-samráðsvettvangurinn skal ráðleggja framkvæmdastjórninni um beiðnir varðandi breytingar á faggildingarferlinu. SERMI-samráðsvettvangurinn skal vakta framkvæmd faggildingarferlisins í aðildarríkjunum og upplýsa framkvæmdastjórnina um það.
- SERMI-samráðsvettvangurinn skal hafa samráð við framkvæmdastjórnina um að ákvarða valviðmiðanir fyrir traustmiðstöðvar.
- SERMI-samráðsvettvangurinn skal ráðleggja framkvæmdastjórninni um innleiðingu tæknilegra viðmiðunarreglna um framkvæmd samskipta milli aðila sem koma að ferlinu.
- SERMI-samráðsvettvangurinn skal fylgja reglum Evrópusamtaka um faggildingum um eignarhald á áætluninni.
- Aðilar að SERMI-samráðsvettvanginum skulu njóta fyrirsvars hagsmunaaðilanna sem vinna að faggildingar-, samþykkis- og leyfisveitingarferlinu í þeim tilgangi að fá aðgang að öryggistengdum upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja.

4.1.2. Val á traustmiðstöð

SERMI-samráðsvettvangurinn velur traustmiðstöðin og skal valið tilkynnt framkvæmdastjórninni til samþykkis.

Traustmiðstöðin, sem er valin, skal uppfylla staðalinn ETSI TS 319 411-3, uppfylla kröfurnar um rafrænar undirskriftir, sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 (**), og kröfurnar sem mælt er fyrir um í lið 4.6 í þessum viðbæti.

Auk þess skal traustmiðstöðin:

- búa yfir tæknilegri hæfni og stjórnunarhæfni og hafa fjárhagslega burði og reynslu sem skiptir máli fyrir faggildingarferlið,
- hafa lykilstarfsmenn sem búa yfir hæfni, reynslu og tiltækileika sem nauðsynlegt er fyrir faggildingarferlið,
- geta starfað þvert á aðildarríki.
- hafa gæðatryggingarferli á rekstrarsviði.

4.2. Hlutverk faggildingarstofa í aðildarríkjum

Faggildingarstofa í aðildarríki skal bera ábyrgð á faggildingu samræmismatsstofa í þeim tilgangi að samþykkja óháða rekstraraðila og veita starfsmönnum óháðs rekstraraðila leyfi til að fá aðgang að öryggistengdum upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja.

4.2.1. Ábyrgð og kröfur

Ábyrgð og kröfur faggildingarstofu í aðildarríki eru settar fram í 8.–12. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008.

4.2.2. Viðmiðanir fyrir faggildingu samræmismatsstofu

Samræmismatsstofur skulu faggiltar sem skoðunaraðilar af gerð A í samræmi við staðalinn ISO/IEC 17020:2012. Samræmismatsstofur skulu uppfylla kröfur um hæsta stig sjálfstæðis.

Að auki skal faggildingarstofa í aðildarríki meta getu samræmismatsstofa til að uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í liðum 4.3.1–4.3.4.

Starfsfólk, sem sér um skoðanir á óháðum rekstraraðilum, skal hafa tiltekna þekkingu á viðgerðum og viðhaldi vélknúinna ökutækja og á sérstökum þáttum varðandi eftirmarkað með ökutæki sem er viðeigandi fyrir verkefni sem það framkvæmir.

4.3. Hlutverk samræmismatsstofa

Samræmismatsstofa skal bera ábyrgð á skoðun óháðra rekstraraðila og hlutaðeigandi starfsmanna óháðra rekstraraðila og á útgáfu samþykkis- og leyfisvottorða í samræmi við þennan viðbæti, ásamt því að afturkalla slík vottorð.

4.3.1. Ábyrgð og kröfur

- a) Samræmismatsstofur skulu geyma gögnin sem lögð eru fram vegna samþykkis á óháðum rekstraraðila.
- b) Samræmismatsstofur skulu koma á öruggri samskiptaleið við traustmiðstöðina og senda traustmiðstöðinni niðurstöður skoðana svo hægt sé að gefa út auðkennislykil með stafrænu vottorði.
- c) Samræmismatsstofur skulu tilkynna starfsmönnum óháðs rekstraraðila sex mánuðum áður en leyfi þeirra rennur út.
- d) Samræmismatsstofur skulu viðhalda gagnagrunni sem inniheldur gögn sem lögð eru fram vegna veitingar leyfa til handa starfsmönnum óháðra rekstraraðila.
- e) Samræmismatsstofur, sem neita að samþykkja óháðan rekstraraðila eða að gefa út leyfi til handa starfsmanni óháðs rekstraraðila, skulu tilkynna niðurstöður skoðana varðandi þann óháða rekstraraðila eða þann starfsmann til traustmiðstöðvarinnar.
- f) Samræmismatsstofur skulu aðeins safna og nota gögn sem eru nauðsynleg fyrir samþykkis- eða leyfisveitingarferlið.
- g) Samræmismatsstofur skulu gæta trúnaðar um öll gögn sem tengjast óháðum rekstraraðila og starfsmönnum óháðs rekstraraðila og tryggja að einungis starfsmenn með leyfi hafi aðgang að slíkum gögnum.
- h) Samræmismatsstofur skulu árlega leggja tölfræðilegar upplýsingar fyrir SERMI-samráðsvettvanginn og framkvæmdastjórnina um fjölda samþykkja og leyfa, sem gefin eru út, og einnig um fjölda synjana.
- i) Samræmismatsstofur skulu geyma öruggar skrár yfir samþykkis- og leyfisskoðanir í fimm ár.
- j) Samræmismatsstofur skulu upplýsa allar hinar samræmismatsstofurnar í aðildarríkinu þar sem þær hafa staðfestu um neikvæðar niðurstöður skoðunar á óháðum rekstraraðila.

- k) Óháðir rekstraraðilar og starfsmenn óháðra rekstraraðila, sem hafa fengið neikvæða niðurstöðu úr skoðun geta afhent samræmismatsstofunni viðbótarupplýsingar, sem leiðréttá minni háttar annmarka, innan 15 virkra daga frá því að þeir fengu neikvæðu skoðunarniðurstöðurnar. Samræmismatsstofur skulu til samræmis við það ákvarða hvort breyta eigi niðurstöðum skoðunarinnar.
- l) Samræmismatsstofur skulu tilkynna óháðum rekstraraðilum sex mánuðum áður en samþykki þeirra rennur út.
- m) Samræmismatsstofur skulu framkvæma handahófskenndar og fyrirvaralausar vettvangsskoðanir hjá óháðum rekstraraðilum á 60 mánaða gildistíma samþykktarinnar og láta hvern óháðan rekstraraðila, sem hefur hlotið samþykki, sæta a.m.k. einni handahófskenndri vettvangsskoðun á 60 mánaða gildistímanum.
- n) Á grundvelli kvörtunar gegn óháðum rekstraraðila, sem hlotið hefur samþykki, eða starfsmanni óháðs rekstraraðila með leyfi skulu samræmismatsstofur kanna hvort viðkomandi óháður rekstraraðili eða starfsmaður óháðs rekstraraðila uppfylli viðmiðanirnar sem samþykki þeirra eða leyfi byggist á. Samræmismatsstofan skal ákvarða, í tengslum við rannsókn sína, hvort þörf sé á vettvangsskoðun.
- o) Að því er varðar vettvangsskoðanir geta samræmismatsstofur óskað eftir aðstoð markaðseftirlitsyfirvalda í aðildarríkinu þar sem þær hafa staðfestu.
- p) Samræmismatsstofur skulu afturkalla samþykktir óháðra rekstraraðila og leyfi starfsmanna óháðra rekstraraðila ef þeir uppfylla ekki lengur viðmiðanirnar sem samþykki þeirra eða leyfi byggist á. Samræmismatsstofur skulu til samræmis við það óska eftir því að traustmiðstöðin felli tímabundið úr gildi og afturkalli stafræn vottorð hlutaðeigandi starfsmanna óháðs rekstraraðila.

4.3.2. Endurnýjun samþykkis

Samræmismatsstofur skulu, að beiðni óháðs rekstraraðila eða sex mánuðum áður en samþykkið fellur úr gildi, framkvæma vettvangsskoðun og, ef niðurstaða skoðunarinnar er jákvæð, endurnýja samþykkið.

Samræmismatsstofur skulu gefa út nýtt samþykkisvottorð til skoðunar til handa óháðum rekstraraðila sem uppfyllir viðmiðanirnar fyrir samþykki.

Samræmismatsstofur skulu meta umsóknir um endurnýjun leyfa og gefa út leyfisvottorð til skoðunar til handa starfsmönnum óháðs rekstraraðila sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir leyfi.

4.3.3. Viðmiðanir fyrir samþykki samræmismatsstofu á óháðum rekstraraðila

Áður en samræmismatsstofur samþykkja óháðan rekstraraðila og við hverja vettvangsskoðun á gildistíma samþykktarinnar skulu þær athuga:

- a) skráð eignarhald óháða rekstraraðilans, nafn framkvæmdastjóra,
- b) skrá yfir starfsmenn, sem óháði rekstraraðilinn leggur fram, sem eiga að fá leyfi,
- c) upplýsingar um ábyrgð og hlutverk starfsmannanna sem um getur í a-lið,
- d) hvort óháði rekstraraðilinn hafi ábyrgðartryggingu með lágmarkstryggingarfjárhæð sem nemur einni milljón evra fyrir líkamstjón og 0,5 milljónum evra fyrir eignatjón,
- e) hvort samþykki óháða rekstraraðilans hafi verið afturkallað vegna misnotkunar,
- f) hvort óháði rekstraraðilinn hafi fært sönnur á að hann starfi á sviði ökutækja,
- g) hvort yfirlýsingin, sem vottar að óháði rekstraraðilinn stundi lögmæta atvinnustarfsemi, eins og um getur í lið 6.3, hafi verið undirrituð af óháða rekstraraðilanum, og hvort við vettvangsskoðun komi fram að óháði rekstraraðilinn stundi í raun lögmæta atvinnustarfsemi,
- h) hvort óháði rekstraraðilinn eða starfsmenn óháða rekstraraðilans hafi hreint sakavottorð,
- i) hvort til staðar sé yfirlýsing, sem lagalegur fyrirvarsmaður óháða rekstraraðilans hefur undirritað, um að tryggt sé að kröfur um verklag, sem mælt er fyrir um í lið 4.3.4, séu uppfylltar að því er varðar alla starfsemi sem tengist öryggi ökutækja.

4.3.4. Viðmiðanir samræmismatsstofu fyrir veitingu leyfa til handa starfsmönnum óháðs rekstraraðila

Áður en samræmismatsstofur veita starfsmanni leyfi til að starfa sem starfsmaður óháðs rekstraraðila og við hverja vettvangsskoðun á gildistíma leyfisins skulu þær sannprófa:

- a) hvort hlutaðeigandi starfsmaður hafi áður haft leyfi sem hefur verið afturkallað vegna misnotkunar á því,

- b) hvort starfsmaðurinn hafi hreint sakavottorð,
- c) hvort ráðningarsamningur sé fyrir hendi á milli hlutaðeigandi starfsmanns og samþykks óháðs rekstraraðila,
- d) hvort hlutaðeigandi starfsmaður hafi undir höndum gilt kennivottorð frá tilteknu landi eða samsvarandi skjal.

4.4. Hlutverk óháðra rekstraraðila

4.4.1. Ábyrgð og kröfur

- a) Óháðir rekstraraðilar skulu fara fram á við samræmismatsstofu sína að hún framkvæmi skoðun hjá þeim til að þeir öðlist samþykki.
- b) Óháðir rekstraraðilar skulu upplýsa samræmismatsstofu sína um breytingar á samskiptaupplýsingum sínum.
- c) Óháðir rekstraraðilar skulu upplýsa samræmismatsstofu sína þegar fyrirtæki þeirra eru leyst upp.
- d) Óháðir rekstraraðilar skulu skrá öll samskipti og aðgerðir sem tengjast öryggistengdum upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja.
- e) Óháðir rekstraraðilar skulu upplýsa samræmismatsstofu sína um uppsögn allra starfsmanna sinna sem hafa leyfi.
- f) Óháðir rekstraraðilar skulu tilkynna viðeigandi yfirvöldum um öll brot eða misferli sem starfsmenn þeirra með leyfi hafa framið og sem varða öryggistengdar upplýsingar um viðgerðir og viðhald ökutækja.
- g) Óháðir rekstraraðilar skulu tryggja að starfsmenn sínir, sem hafa leyfi, noti aðeins sín eigin leyfisvottorð til skoðunar.
- h) Óháðir rekstraraðilar skulu tryggja að öll gjöld sem tengjast leyfi starfsmanna óháðs rekstraraðila hafi verið greidd.
- i) Óháðir rekstraraðilar skulu tryggja að starfsmenn óháðs rekstraraðila hafi hlotið þjálfun í viðgerðum varðandi viðhald, endurforritun, öryggi og öryggisvirkni vélknúinna ökutækja.
- j) Óháður rekstraraðili skal fara fram á við samræmismatsstofu sína að hún framkvæmi vettvangsskoðun hjá sér sex mánuðum áður en samþykkisvottorð hans til skoðunar rennur út.

4.5. Hlutverk starfsmanna óháðs rekstraraðila

4.5.1. Ábyrgð og kröfur

- a) Starfsmenn óháðs rekstraraðila skulu fara fram á að samræmismatsstofa þeirra veiti þeim leyfi.
- b) Starfsmenn óháðs rekstraraðila skulu skrá sig í viðgerða- og viðhaldskerfi framleiðenda ökutækja.
- c) Starfsmenn óháðs rekstraraðila skulu fá aðgang að öryggistengdum upplýsingum um viðgerðir og viðhald í samræmi við staðalinn EN ISO 18541 – 2014.
- d) Starfsmenn óháðs rekstraraðila skulu tryggja að allar skrár yfir öryggistengdar upplýsingar um viðgerðir og viðhald ökutækja sem hlaðið er niður frá viðgerða- og viðhaldskerfi framleiðanda ökutækis séu ekki geymdar lengur en þörf krefur til að framkvæma nauðsynlegar aðgerðir.
- e) Starfsmenn óháðs rekstraraðila skulu, eftir atvikum, tilkynna vinnuveitanda sínum að ekki sé lengur þörf fyrir stafrænu vottorðin þeirra.
- f) Starfsmenn óháðs rekstraraðila skulu ekki deila auðkennislykli, stafrænu vottorði eða PIN-númeri með þriðja aðila.
- g) Starfsmenn óháðs rekstraraðila skulu vera ábyrgir fyrir réttri notkun persónulega auðkennislykilsins og PIN-númersins.
- h) Starfsmenn óháðs rekstraraðila skulu upplýsa óháðan rekstraraðila sinn og traustmiðstöð sína ef auðkennislykill þeirra tapast eða er misnotaður innan 24 klukkustunda frá því hann tapast eða misnotkun á sér stað.
- i) Starfsmenn óháðs rekstraraðila skulu tilkynna viðeigandi yfirvöldum um allar beiðnir eða athæfi annarra starfsmanna óháðs rekstraraðila varðandi öryggistengdar upplýsingar um viðgerðir og viðhald sem telst ekki lögmæt atvinnustarfsemi eins og um getur í lið 6.3 í þessum viðauka.

4.6. Hlutverk traustmiðstöðvar

Traustmiðstöðvar skulu búa til og senda stafræn vottorð, fyrir milligöngu hlutaðeigandi samræmismatsstofa, til óháðra rekstraraðila og starfsmanna óháðs rekstraraðila. Traustmiðstöðvar skulu viðhalda gagnagrunni yfir útgefin leyfisvottorð til skoðunar. Traustmiðstöðvar skulu veita framleiðendum ökutækja aðgang að skilfleti til að sannprófa stöðu stafrænna vottorða og leyfisvottorða til skoðunar.

Traustmiðstöðvar skulu geyma upplýsingar um starfsmenn óháðs rekstraraðila í gagnasafninu yfir leyfi í að hámarki 60 mánuði til viðbótar. Það tímabil skal ekki vera lengra en það sem eftir er af gildistíma samþykktarinnar, sem veitt var óháða rekstraraðilanum, þar sem starfsmaður óháða rekstraraðilans starfar.

4.6.1. Ábyrgð og kröfur

- a) Traustmiðstöðvar geta fellt tímabundið úr gildi og afturkallað stafræn vottorð að beiðni samræmismatsstofu.
- b) Traustmiðstöðvar skulu sjá óháðum rekstraraðila og starfsmönnum óháðs rekstraraðila fyrir hugbúnaði svo þeir geti notað stafrænu vottorðin.
- c) Traustmiðstöðvar skulu starfa allan sólarhringinn, alla daga vikunnar.

4.7. Hlutverk framleiðenda ökutækja

Framleiðendur ökutækja skulu veita öllum samþykktum óháðum rekstraraðilum og starfsmönnum óháðs rekstraraðila með leyfi aðgang að öryggistengdum upplýsingum um viðgerðir og viðhald. Framleiðendur ökutækja skulu vera í samskiptum við traustmiðstöðvar til að sannprófa stöðu leyfis og stöðu sannvottunar starfsmanna óháðs rekstraraðila sem óska eftir aðgangi að slíkum upplýsingum.

4.7.1. Ábyrgð og kröfur

- a) Framleiðendur ökutækja skulu tryggja að vefsetur þeirra séu aðlöguð svo þau geti stutt við aðgang óháðra rekstraraðila að öryggistengdum upplýsingum um viðgerðir og viðhald.
- b) Framleiðendur ökutækja skulu tryggja að þeir hlaði niður tækniforskriftunum sem gerðar eru tiltækar á vefsetri SERMI-samráðsvettvangsins.

4.7.2. Kröfur um verklag fyrir framleiðendur ökutækja

Framleiðendur ökutækja skulu ekki veita aðgang að öryggistengdum upplýsingum um viðgerðir og viðhald nema allar eftirfarandi kröfur um verklag hafi verið uppfylltar:

- 1) Kröfur um verklag vegna stolinna ökutækja

Framleiðendur ökutækja skulu halda skrá yfir öll ökutæki af þeirri tegund sem þeir framleiða og stjórnvöld hafa tilkynnt sem stolin.

Framleiðendur ökutækja skulu innleiða ferli sem býður upp á skýran rekjanleika og ábyrgð og gerir viðeigandi yfirvöldum kleift að rekja gögnin sem framleiðandi ökutækisins hefur afhent starfsmanni óháðs rekstraraðila sem fékk aðgang að upplýsingunum um stolna ökutækið.

- 2) Kröfur um verklag vegna geymslu upplýsinga

Framleiðendur skulu geyma eftirfarandi upplýsingar fyrir hvern þann aðgang sem veittur er að öryggistengdum upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja:

- a) verksmiðjunúmer ökutækisins (VIN) sem óskað var upplýsinga um,
- b) dagsetningu framlagðrar beiðni,
- c) skráningarnúmer ökutækisins, sem óskað var upplýsinga um, ef slíkt er fyrir hendi,

d) afbrigði af gerð ökutækis, sem óskað var upplýsinga um, og útfærslu ökutækisins, ef slíkt er fyrir hendi.

Framleiðendur ökutækja skulu geyma þau gögn í fimm ár.

-
- (*) Kröfurnar, sem settar eru fram í þessum viðbæti, byggjast á þeim kröfum sem mælt er fyrir um í „Áætlun um faggildingu, samþykki og leyfi í tengslum við aðgang að öryggistengdum upplýsingum um viðgerðir og viðhald“ sem Evrópusamtök um faggildingu fullgiltu 19. maí 2016 (<https://www.vehiclesermi.eu/>).
- (**) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 frá 23. júlí 2014 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti á innri markaðinum og um niðurfellingu á tilskipun 1999/93/EB (Stjtíð. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 73).“
-